



## **Leiðbeiningar um bílastæði á lóðum**

**Gildir fyrir einkabíla á lóðum, í bílskúrum og í bílageymsluhúsum.  
Um gerð bílastæða fyrir aðra bíla þarf að meta sérstaklega.**

Vísað er til leiðbeiningarblaða Rannsóknarstofnunar byggingariðnaðarins Rb(V).010 frá 1994 og Rb 05.001 frá 1979.

### **Bílastæði innandyra**

Bílskúr telst ekki vera bílastæði þegar lagt er strax innan bílskúrshurðar.

Bílageymsla telst vera bílastæði, eitt eða fleiri, þegar ekið er inn akbraut og lagt í stæði við hana.

### **Akbrautir**

Breidd akbrauta við enda bílastæða skal ekki vera minni en 7,0 m.

Ef akbraut er mjórri skal auka breidd bílastæða.

### **Dýpt bílastæða**

Dýpt (lengd) bílastæða skal ekki vera minni en 5,0 m.

### **Breidd bílastæða**

Breidd stæða skal vera minnst 2,50 m og æskilegt að mála með tvöföldum línnum milli stæða þar sem það.

### **Aukin breidd bílastæða**

Ef stoðir og veggir eru við bílastæði skulu öll breiddarmál vera innanmál milli stoða og að vegg.

Stoðir skulu vera minnst 1,00 m frá akbraut mælt að stoð, en þó er heimilt að hafa stoðir út við akbraut.

Þegar stæði liggja upp að lóðréttri hindrun skal bæta við breidd stæði sem hér segir:

A.m.k. 0,25 m þegar stæði liggur upp við lóðréttan vegg en æskilegt 0,50 m.

A.m.k. 0,20 m þegar stæði liggur upp að súlu sem er innan stæðis.

A.m.k. 0,20 m þegar stoðir eru út við akbraut, má þó vera minna.

### **Bílastæði hreyfihamlaðra**

Bílastæði fatlaðra utandyra eiga að vera upphituð og upphituð leið að inngangi þar sem því verður viðkomið.

Bílastæði fatlaðra skal vera minnst 3,8 x 5,0 m.

Eitt af hverjum fimm bílastæðum fyrir hreyfihamlaða, þó aldrei færri en eitt, skal vera 4,5 x 5,0 m og við enda þeirra athafnasvæð um 3 m að lengd.